

# A JOB TO BE DONE

Enska fyrir fullorðna  
Kennsluleiðbeiningar

JÓNA KATRÍN HILMARSDÓTTIR



---

JÓNA KATRÍN HILMARSDÓTTIR

---

---

# A JOB TO BE DONE

---

ENSKA FYRIR FULLORÐNA

KENNSLULEIÐBEININGAR

©Jóna Katrín Hilmarsdóttir

Öll réttindi áskilin. Afritun heimil með skilyrðum Fræðslusjóðs í fimm ár frá útgáfu þessa rits.

Fyrsta útgáfa 2013

Fræðslunet Suðurlands

---

# TABLE OF CONTENTS

---

Inngangur.....	1
1 UNIT.....	3
1.1 Introductions.....	3
1.2 Reading.....	3
1.3 Writing.....	3
1.4 Work together.....	3
1.5 The Alphabet.....	3
1.6 Writing.....	3
1.7 Spelling.....	3
2 UNIT.....	4
2.1 Personal pronouns.....	4
2.2 Genitive.....	5
2.3 Verbs.....	5
2.4 Making Sentences.....	6
2.5 Vocabulary.....	6
2.6 Colours.....	6
2.7 Clothes.....	6
2.8 Anagrams.....	7
3 UNIT.....	7
3.1 Pronouns.....	8
3.2 Definite and Indefinite Articles.....	8
3.3 Adjectives.....	9
3.4 Definite Article.....	9
3.5 Reading.....	9
3.6 Vocabulary List.....	9
3.7 Travelling.....	9
3.8 Show and Tell.....	9
4 UNIT.....	10
4.1 Numbers.....	10
4.2 A Conversation.....	10
4.3 Questions.....	10
4.4 Conversations.....	10

4.5	A Short Letter* .....	11
4.6	The Days of the Week.....	11
4.7	Months .....	11
4.8	Writing numbers.....	11
5	UNIT.....	12
5.1	Past simple.....	12
5.2	The Human Body .....	13
5.3	The Time .....	13
5.4	Telling the time.....	13
5.5	Music .....	13
5.6	The Lyrics .....	14
6	UNIT.....	15
6.1	Irregular Verbs.....	15
6.2	Past Tense - writing .....	16
6.3	Vocabulary.....	16
6.4	Movie Quotes .....	16
6.5	Song Lyrics .....	16
6.6	Your Favourite Song .....	17
7	UNIT.....	18
7.1	Joey's timetable.....	18
7.2	Jobs.....	18
7.3	My Job* .....	18
7.4	Shopping.....	19
7.5	Vocabulary.....	19
7.6	Your Clothes .....	19
7.7	Recipes.....	19
7.8	Perfect tense .....	19
7.9	A Letter .....	20
7.10	For and since .....	20
8	UNIT.....	21
8.1	Poems .....	21
8.2	Shall and will.....	21
8.3	Will and Won't and Going to.....	21
8.4	Creative Writing.....	22

8.5	Poetry Reading .....	22
8.6	Writing a Letter* .....	22
8.7	A Personal Letter * .....	22
9	UNIT.....	23
9.1	Present participle .....	23
9.2	Infinitive.....	23
9.3	Travelling .....	24
9.4	Maps.....	24
9.5	Reading a Map.....	24
9.6	Giving Directions .....	24
9.7	Song Lyrics .....	25
9.8	Interpretation .....	25
10	UNIT.....	26
10.1	Modal Verbs .....	26
10.2	Movie reviews .....	27
11	UNIT.....	28
11.1	Odd Jobs .....	28
11.2	Personal Opinion .....	28
11.3	Lyrics.....	29
11.4	Online listening and speaking practise.....	30
11.5	Final Assignment* .....	30

# INNGANGUR

**Job To Be Done** táknar það viðhorf sem æskilegt er að nemendur hafi gagnvart náminu. Mörgum þykir það vera óyfistíganlegt markmið að ætla að læra erlent tungumál og þeim sem koma að námi eftir langt hlé vex verkið oft í augum. Nemendur koma jafnvel hvekkir eftir fyrri reynslu að náminu. Þess vegna kemur það í hlut kennara að reyna að lýsa náminu á raunsæjan hátt fyrir nemendum. Þá er ekki um margt annað að ræða annað en venjulegar klisjur um að menn uppskera eins og menn sá og að nám sé vinna. Þó að það hljómi hallærislega í eyrum sumra þá er galdurinn fólgin í þessu og einfaldleiki náms felst í því að nálgast það sem vinnu, vinna verkefni og halda sér við efnið. Ef nemendum tekst að tileinka sér þetta viðhorf eru þeim allir vegir færir og þar sem við erum yfirleitt að vinna með fullorðnu fólki þá ætti að vera auðveldara að predika á þessum grundvelli en ef fólk er nýkomið upp úr 10 ára grunnskólavist. Í raun er þetta hugmyndafræðin sem notuð er við ritun þessa kennsluheftis og vill höfundur hnekkja á því að mikilvægt er að kennarar lesi kennsluleiðbeiningarnar til að hugsunin á bakvið efnið sé skýrt og liggi ljóst fyrir. Að lokum er gott að minnst þess að námið öðlast stórfenglegan blæ ef okkur tekst að hafa gaman af því.

**Lestexti:** Þér kann að virðast textarnir erfiðir fyrir suma þegar farið er yfir þá. Það er með vilja gert. Textarnir eru einfaldaðir eins lítið og mögulegt er til þess að þeir líkist sem mest því sem fólk mætir í raun. Leiðsögn kennara í gegnum texta er nauðsynleg og gott er að hvetja nemendur til þess að veita orðaforða í textunum sérstaka athygli. Leitast var við að hafa tengingu á milli orðaforða og innihalds textans við annað sem fjallað er um í hverjum kafla fyrir sig.

Ennfremur væri gott, allavega í fyrstu, að kennari lesi texta upphátt fyrir nemendur. Þar með fæst ágætis hlustun. Þá er gott að biðja nemendur um að fylgja lestrinum eftir í bókinni með blýant að vopni þar sem þeir myndu strika undir þau orð sem þeir skilja ekki svo að þeir geti farið yfir þau á eftir. Ef textinn er erfiður er gott að kennarinn lesi textann í heild sinni á þennan hátt og fari svo hægar yfir og útskýri orð og orðtök.

**Stjörnumerkt verkefni:** Nokkur verkefni eru stjörnumerkt\* og bendir það á beina tengingu við evrópska tungumálarammann. Leitast var við að fylgja markmiðum á stigum A1-A2 í evrópska tungumálarammanum. Kennarar sem hafa hug á geta þá kynnt rammann og sjálfsmatið sem því fylgir til þess að aðstoða nemendur við að staðsetja sig og meta enskukunnáttu sína. Allt efni sem tengist evrópsku tungumálamöppunni og tungumálapassanum má nálgast á síðunni:

[www.coe.int/lang](http://www.coe.int/lang)

**Óreglulegar sagnir:** Töluvert er gert úr óreglulegum sögnum í kennsluheftinu (sjá kafla 6). Sagnirnar þjóna í raun tvíþættum tilgangi, annars vegar eru þær málfræðiatríði sem er góður grunnur að ensku og fleytir málnotandanum langt og hins vegar eru þær góður og almennur orðaforði sem gott er fyrir byrjendur að bæta markvisst við sig.

Það skal tekið fram hér að ekki er ætlast til þess að nemendur læri allan listann í einu. Hugsunin er að kennarinn taki ákvörðun í samvinnu við nemendur um ákveðna heimavinnu þar sem nemendur leggja á minnið og læra um 10 orð (eða fleiri) á viku og bæti þannig markvisst við sinn orðaforða. Hugsanlega væri hægt að hafa lítil próf eða verkefni til þess að skera úr um hversu vel nemendum gengur að læra sagnirnar heima. Að sjálfsögðu ræður viðkomandi kennari hversu langt er farið í listanum og stjórnað þá væntanlega oft en ekki af tímamörkum sem sett eru á námstíma og öðrum ytri og innri aðstæðum sem koma upp hverju sinni.



## Málfræði

Málfræðiútskýringar í kennslubókinni kunna oft á tíðum að virka flóknar. Sérstaklega á þetta við um fólk sem kemur að námi eftir töluverðan tíma og áttar sig kannski ekki á málfræðiheitanum á íslensku og enn síður á ensku. Þá er mikilvægt að kennarinn leiðbeini nemendum sínum varðandi hvernig sé best að nálgast þessar útskýringar.

Fyrst og fremst verður að sjá til þess að allir haldi ró sinni. Í raun eru almennt tvær leiðir sem henta til þess að nálgast málfræði. Sumum hentar best að lesa málfræðiútskýringar, fletta upp í þeim og vinna síðan verkefni í framhaldi af því, þegar þeim finnst þeir hafa náð fullkomnu valdi á því sem verið er að fjalla um. Hinsvegar finnst öðrum þessar útskýringar hreinlega þvælast fyrir sér og þá er langbest að láta jafnvel alveg vera að lesa útskýringarnar og fara beint í æfingarnar. Báðar þessar aðferðir eru fullgildar og mikilvægt að hver nemandi fái að velja fyrir sig, hvað honum/henni finnst henta sér best.

Mælt er með því hér að kennarinn fjalli um og útskýri ný málfræðiatríði uppi á töflu, þá með sínu nefi, og útskýringarnar í bókinni geti þá verið aukastuðningur við nemandann, kjósi hann/hún að notfæra sér það. Ef nemendur hafa gleymt eða aldrei lært málfræðiheiti á íslensku, sem notast er við í útskýringum í bókinni, þá er það sjálfsagt að þau atriði séu útskýrð af kennara til þess að auka á skilning nemenda.

Þó svo að útskýringarnar virki flóknar á sumu þá eru þær nauðsynlegar og verða að vera til staðar. Þegar skilningur, sem kannski vantar við upphaf náms, vaknar og fer að blómstra þegar lengra líður á námið þá er gott að geta flett upp í þessum útskýringum. Að lokum skal það ítrekað hér að kennarinn ætti að hvetja nemendur til þess að finna þá leið sem þeim þykir henta sér best þegar kemur að því að taka inn ný málfræðiatríði.

## 1.1 INTRODUCTIONS

Kynningaræfing sem ætti að vera nemendum nokkuð létt. Ætlunin er að brjóta ísinn og byrja á því að tala um einstaklinginn sjálfan. Gott væri ef nemendur myndu lesa upplýsingarnar um sig fyrir hópinn.

## 1.2 READING

Lestur texta. Mikilvægt er að brýna fyrir nemendum að lesa textana oftar en einu sinni. Ennfremur að benda þeim á að textar eru uppspretta nýrra orða til þess að bæta í forðann og að hafa beri augun opin og glósubækurnar til taks.

## 1.3 WRITING

Nemendur skrifa texta sjálfir sem byggir á lestextanum á undan.

## 1.4 WORK TOGETHER

Texti nemenda lesinn upp í paravinnu.

## 1.5 THE ALPHABET

Enska stafrófið birtist þarna ásamt tilraun til þess að hljóðrita nöfn stafanna með íslenskum bókstöfum.

## 1.6 WRITING

Nemendur skrifa texta um sjálfa sig og hvað skilgreinir þá í lífinu. Að skriftum loknum er nemendahópnum skipt upp í pör og nemendur lesa texta sína upp hver fyrir annan. Hér gefst einnig gott tækifæri til hópumræðna um hvað það er sem nemendum þykir skilgreina sig; hvað er mikilvægast í lífinu.

## 1.7 SPELLING

Verkefnið snýst um að æfa sig í að stafa orð upphátt.

---

## 2.1 PERSONAL PRONOUNS

1. John **he**\_\_\_\_\_
2. Alice **she**\_\_\_\_\_
3. The dog **it**\_\_\_\_\_
4. The bus **it**\_\_\_\_\_
5. My sister **she**\_\_\_\_\_
6. My brother **he**\_\_\_\_\_
13. Tom **he**\_\_\_\_\_
15. The baby **it**\_\_\_\_\_
17. Tom and I **we**\_\_\_\_\_
7. Mr. Johnson **he**\_\_\_\_\_
8. Tim and Bob **they**\_\_\_\_\_
9. Claire and Jill **they**\_\_\_\_\_
10. I and Joe **we**\_\_\_\_\_
11. You and I **we**\_\_\_\_\_
12. You and John **you**\_\_\_\_\_
14. Shelly **she**\_\_\_\_\_
16. He and his sister **they**\_\_\_\_\_
18. My mother **she**\_\_\_\_\_

---

ROSIE

---

I am the one standing in front of the group. If you look carefully **you** can see that **I** am holding my little cousin. **She** is only two months old. The person standing next to me is my father, **he** is wearing a blue hat. Next to him you can see my mother, **she** is standing behind my two little nephews, John and Jake. **They** are always making trouble. As you can see from this photo **it** was a very nice day and **we** all had a very nice time.

## FINISH THE SENTENCES

Hér klára nemendur setningar þar sem þeir nýta sér persónufornöfnin áfram. Persónufornöfnin verða að sjálfsgöðu að vera rétt en nemendur geta sjálfir valið sér lýsingarorð og endingar sem þeim þykir passa á hverja setningu.

1. This is Alice, she is lovely.
2. This is my dog, it is lovely.
3. This is my sister, she is lovely.
4. This is Mr. Johnson, he is lovely.
5. This is the baby, it is lovely.
6. This is my mother, she is lovely.
7. These are Claire and Jill, they are lovely.
8. This is Tom and I, this photo is from when we went to Japan.

## 2.2 GENITIVE

Í þessari æfingu er gott að benda nemendum sérstaklega á og útskýra breytta orðaröð. Þ.e. að eignarforbafnið er fyrir aftan nafnorð í íslensku en fyrir framan það í ensku.

1. My car.
2. Your clothes.
3. My book.
4. Your house.
5. Our houses.
6. His dog.
7. Her cat.
8. Her dress.
9. My room.
10. Their TV/television.

Úr íslensku yfir á ensku.

1. Skyrtan mín
2. Tjaldið hennar
3. Ástin mín
4. Hjólið þitt/ykkar
5. Fiskurinn minn
6. Barnið hans
7. Hatturinn hans
8. Okkar Guð

## 2.3 VERBS

1. I **am** a student. (to be)
2. You **are** my friend. (to be)
3. They **are** my best friends. (to be)
4. I **have** a red car. (to have)
5. She **has** a very big house. (to have)
6. We **go** skiing every Christmas. (to go)
7. He **goes** to see his grandma. (to go)
8. He is the best student in my class.
9. John and Mary **go** to the movies tonight. (to go)
10. Jill and I **have** a very big dog. (to have)
11. Louisa and Mike **are** very good friends of mine. (to be)
12. My dog **is** a very big dog. (to be)
13. My mother **has** a very big kitchen in her house. (to have)
14. My grandparents **have** 13 grandchildren. (to have)
15. Your uncle **is** a very good man. (to be)
16. We **go** to work at five o'clock. (to go)
17. Lily **goes** for a jog every morning. (to go)
18. Iceland **is** an island. (to be)
19. The president **goes** on holiday in June. (to go)
20. I **go** on holiday in August. (to go)
21. We **are** very strong people. (to be)
22. John **has** a red car. (to have)

23. Alice **is** my best friend. (to be)
24. Gloria **has** a husband who is older than she is. (to have)
25. Dogs have to **go** outside to pee. (to go)
26. John always **goes** swimming in the morning. (to go)
27. I **am** a very busy person. (to be)
28. I **am** rich because I have three children. (to be)

## 2.4 MAKING SENTENCES

Nemendur búa til setningar þar sem þeir æfa sig í notkun sagnanna *to be*, *to have* og *to go*.

## 2.5 VOCABULARY

Nemendur lesa lengri texta og ítrekað að nemendur skuli nota sér glósubækur til þess að safna nýjum orðaforða.

Í kjölfarið koma spurningar upp úr textanum.

---

### A VERY LONG LINE OF PEOPLE

---

1. Stand in line – að bíða í röð
2. Sögumaðurinn og Jim, vinur hans, eru að fara í bíó.
3. Önnur stelpanna er með bleikan trefil, sítt, dökkt hár og er frekar lágvaxin. Hin stelpa er frekar hávaxin, hún er í gallabuxum og er í appelsínugulri skyrtu og með rauðan hatt.
4. Sögumaðurinn er hrifnari af þeirri lágvöxnu með bleika trefilinn.
5. Jim er hávaxinn og hann klæðist svörtum jakka og gallabuxum.
6. Af því að sögumaðurinn var með tyggigúmmí klesst við buxurnar sínar.
7. Sögumaðurinn hefur væntanlega sest á bleika tyggjóklessu á veitingastaðnum sem hann og Jim voru að koma af.
8. Jim snýr sér við og spyr hvort stelpurnar vilji sitja hjá þeim í bíósalnum.
9. Allar söguhetjurnar virðast nokkuð ánægðar með málalok og fara saman inn í bíósalinn.
10. Nemendur svara sjálfir þessari spurningu og eiga að semja næsta hluta sögunnar.

## 2.6 COLOURS

Nemendur hjálpast að við að skrifa lista yfir orð sem þeir geta fundið yfir liti. Kennarinn getur bætt við listann eftir því sem við á.

## 2.7 CLOTHES

Samtalsæfing þar sem nemendur lýsa fötum hvers annars á ensku. Nemendur eru beðnir um að teikna einfalda mynd af félaganum sínum og merkja inn á teikninguna heiti fatnaðar og liti.

## 2.8 ANAGRAMS

Orðarugl þar sem nemendur pússla saman orðum úr æfingu 2.2.

Orðin eru eftirfarandi:

student	friend
house	Christmas
grandma	tonight
kitchen	grandchildren
morning	island
holiday	people
husband	outside
morning	

---

## 3 UNIT

---

Hér er talað um að gera æfingar aukalega til þess að nemendur geti unnið heima og styrkt sig í þeirri málfræði sem fjallað er um í kaflanum. Það fer töluvert eftir tæknikunnáttu og aldri þátttakenda í námskeiðum hversu vel þetta leggst í fólk. Aftur á móti er örlítil hvatning og jafnvel sýnikennsla oft það sem til þarf. Hér gæti því verið gott að nýta hluta kennslustundar til þess að sýna nemendum hvernig best er að vinna þetta (best er ef hver og einn hefur aðgang að tölvu með nettingu, en „kennari sýnir upp við töflu“ er líka ágætis aðferð).

Þessar síður geta líka reynst vel fyrir þá sem hafa aðgang að tölvum fyrir nemendur ef þeir eru með afburðanemendur í hópunum, þ.e. nemendur sem eru töluvert fyrir ofan getu meðalnemandans í hópunum. Þá getur þetta verið góð lausn til þess að tíma þeirra nemenda sé ekki sóað og þeir geta þá unnið í enskunni á því stigi og á þeim hraða sem þeim hentar.

Benda má á eftirfarandi síður sem dæmi:

[www.tolearnenglish.com](http://www.tolearnenglish.com)

[www.englishpage.com](http://www.englishpage.com)

[www.perfect-english-grammar.com](http://www.perfect-english-grammar.com)

[www.agendaweb.com](http://www.agendaweb.com)

[www.englisch-hilfen.de](http://www.englisch-hilfen.de) (þessi er reyndar á þýsku en það ætti ekki að vera það erfitt fyrir kennarann að finna eitthvað sniðugt á þessari síðu, sem er nokkuð góð).

Sævar Hilbertsson við Kvennaskólann í Reykjavík hefur líka sett upp flotta síðu með gagnvirkum æfingum í enskri málfræði sem vert er að skoða. Síðan er vissulega sú aðgengilegasta fyrir íslenska nemendur: [www.kvenno.is/egrammar/grammar/index.htm](http://www.kvenno.is/egrammar/grammar/index.htm)

Til þess að tryggja að nemendur séu að vinna í þeim atriðum sem verið er að vinna í í kaflanum getur kennarinn farið inn á síðurnar, fundið atriðin sem verið er að vinna með og sent síðan

tengil á nemendur í tölvupósti. Annars er best að hvetja nemendur til þess að fíkta sjálfir og prófa það sem þeim dettur í hug, fíkt er aukaæfing sem nemendur hafa alltaf gott af.

Lista yfir heimasíður með aukaæfingum er að finna í viðauka 2 í kennslubók.

### 3.1 PRONOUNS

1. How much is the book on the top shelf? – How much is that book?
2. Is the shirt over here mine? – Is this my shirt?
3. The books here in my bag are blue. – These are blue books.
4. This is my best friend, Laura. -
5. How much are the bags of candy on the shelf over there? – How much are those bags of candy?
6. Who owns the horse in the next yard? - Who owns that horse?
7. A lot of people live in this town. – These people live in this town.
8. A lot of people live in the next town. – A lot of people live in that town.
9. How much is the pen in my hand? - How much is this pen?
10. This is my wife but that is your wife.

### 3.2 DEFINITE AND INDEFINITE ARTICLES

an apple	a boat
a cat	a window
a car	an hour
a man	a tent
a woman	an elephant
a girl	a horse
an airplane	an ape
a friend	a house
a book	a candle
an orange	an olive
a needle	a dog
an almond	a baby

### 3.3 ADJECTIVES

a green apple	a huge boat
an orange cat	a small window
a fast car	a happy-hour
a tall man	a circus tent
a beautiful woman	a talented elephant
an interesting girl	a flying horse
a white airplane	a black ape
a lovely movie	a tired dog
an arrogant boy	an orange light
a closed shop	an open shop
a good book	an exciting book

### 3.4 DEFINITE ARTICLE

Nemendur búa til setningar þar sem þeir æfa sig í notkun ákveðins greinis.

### 3.5 READING

Nemendur lesa texta og strika í leiðinni undir ný orð. Nemendur eru einnig beðnir um að strika undir ákveðinn og óákveðinn greini. Best er að nemendur geri það þegar þeir lesa textann yfir í annað sinn.

### 3.6 VOCABULARY LIST

Nemendur setja saman orðalista yfir orð sem tengjast orðaforða.

### 3.7 TRAVELLING

Nemendur lýsa ferðalagi. Tilgangurinn er að nemendur æfi sig í að beita orðaforðanum sem verið var að lesa.

### 3.8 SHOW AND TELL

Í 'Show and Tell' er best að nemendur fái að undirbúa sig aðeins áður en þeir fara heim með verkefnið. Heima eiga nemendur að finna einhvern hlut og koma með hann í tíma og að lýsa honum. Það er svo undir kennaranum komið (og jafnvel eftir því hvað hópurinn vill) hvort verkefnið er leyst þannig að nemendur lýsa hlutnum fyrir framan allan bekkinn eða hvort þeir



sitja saman nokkrir í 3-4 manna hópum (ekki er mælt með því að þetta verkefni sé leyst sem paraverkefni, nemendur fá ekki nærri nóg út úr því og meiri líkur eru á að fólk leyfi sér að tala meira á íslensku).

## 4 UNIT

---

### 4.1 NUMBERS

Hér eiga nemendur að læra tölur á ensku og þá skiptir máli að ná framburði réttum. Audio-lingual aðferðin er mjög góð þegar kemur að því að takast á við tölur eins og þessa. Þá les kennarinn eina (eða fleiri) tölu í einu og svo segja nemendur töluna saman í kór. Þetta getur bæði orðið skemmtilegt og fyndið í skemmtilegum hóp. Þarna gefst nemendum líka tækifæri til þess að æfa sig í tali án þess að finnast þeir vera í sviðsljósinu, þar að auki er það að tala í kór og í takt einhvern veginn svo heillandi.

### 4.2 A CONVERSATION

Nemendur vinna áfram með æfinguna sem kom á undan og nota spurningar til þess að tala saman.

### 4.3 QUESTIONS

Hér eru spurnarorðin tekin fyrir. Ætlast er til að nemendur leggi orðin á minnið og búi svo til sínar eigin setningar þar sem þeir æfa sig í notkun þeirra.

### 4.4 CONVERSATIONS

Hér er lestraræfing þar sem nemendur lesa stutt samtál og svara svo spurningum. Textanum og spurningunum er ætlað að skerpa á spurnarorðunum.

1. What day is it? **Monday.**
2. When will Beth come home from work? **Eight o'clock.**
3. Why is Joe calling Beth on the phone? **He wants to make something special for dinner.**
4. Who will come to visit Joe? **His parents.**
5. When will the guests come for a visit? **In March.**
6. Why did Joe really call Beth on the phone? **Because he could not find the eggs.**
7. How old do you think Beth and Joe are? **Here the students are simply being asked how old they imagine the couple to be. There are no right or wrong answers here, the outcome may simply be an interesting point for discussion. Going around the class and asking people to say in English how old they believe Beth and Joe are, is recommended.**

Í lok þessa verkefnis er upplagt að ræða Beth og Joe og þetta stutta samtál sem þau áttu. Best er að samtalið sé nokkuð óformlegt og að nemendur fái að tjá skoðanir sínar á samtalinu ef einhverjar eru.

## 4.5 A SHORT LETTER\*

Hér er stutt ritunaræfing þar sem nemendur eiga að skrifa stutta orðsendingu með ákveðið markmið í huga.

## 4.6 THE DAYS OF THE WEEK

Nemendur að leita að vikudögum í stafarugli.

## 4.7 MONTHS

Yfirlit yfir mánaðaheitin. Kennarinn hefur algerlega frjálstar hendur með þetta, ekki fylgir ákveðin æfing. Sem dæmi mætti æfa nemendur í framburði með því að lesa nöfnin þeirra og benda sérstaklega á hvar áherslan liggur í mánaðarheitunum á ensku. Svo má halda lengra og fá nemendur til þess að nefna hvenær þeir eiga afmæli og svo framvegis.

Þegar nemendur hafa lokið við að fylla inn í eyðurnar og fara að lesa fyrir hvern annan þá þarf að sjá til þess að þeir viti að þeir eiga að lesa allan textann, ekki bara það sem stendur á línunum. Gott er að brýna fyrir nemendum að allar munnlegar æfingar, hversu léttvægar sem þær virðast vera, eru mjög gagnlegar.

## 4.8 WRITING NUMBERS

Nemendur skrifa upp tölur með bókstöfum.

### 5.1 PAST SIMPLE

Í upphafi kaflans er einföld þátíð sagna í ensku útskýrð. Á eftir kemur tafla sem nemendur eru beðnir um að fylla inn í á sama hátt og þær sem notaðar eru í útskýringunum.

---

#### THINGS WE LOSE AND GIVE AWAY

---

Nemendur glósa ný orð eins og alltaf en við lestur þessa texta eru nemendur beðnir um að bera kennsl á og strika undir orð sem eru í þátíð.

### Questions

Hér eiga nemendur að svara nokkrum spurningum úr efni textans.

1. The motorcycle was orange.
2. *Personal answer.*
3. He/she had to sell the motorcycle because he/she had no money and needed to pay rent.
4. The two things are a motorcycle and a silver cross.
5. The silver cross was special to him/her because it was a present from his/her mother.
6. He/she gave the cross to a friend that he/she knew that he/she would never see again.
7. *Personal answer.*
8. *Personal answer.*

They gave him a dog for his birthday.

I started work at 12 o'clock yesterday.

My sister does not help me with my English homework.

Did you watch that program last night?

Don't worry. She has not told me your secret.

Where did you go on holiday last year?

## 5.2 THE HUMAN BODY

Hér læra nemendur orð sem tengjast mannlíkamanum. Mikilvægt er að nemendur glósi orðin og jafnvel má setja fyrir sem heimavinnu að leggja orðin á minnið. Æfingarnar sem fylgja eru annars vegar eyðufyllingar og hins vegar mynd af líkama þar sem nemendur setja orðin inn á rétta staði.

## 5.3 THE TIME

Þessi æfing byrjar á útskýringu á því hvernig talað er um klukkuna og tímann á ensku. Nemendur eiga svo að skrifa með bókstöfum hvað klukkan er á myndunum.

## 5.4 TELLING THE TIME

Hér er bein málfræði-þýðingaraðferð notuð. Nemendur fá stuttar setningar á íslensku þar sem talað er um klukkuna og eru beðnir um að þýða þær á ensku.

1. It is ten minutes past seven.
2. It is thirteen minutes to eight.
3. It is six o'clock.
4. It is twenty minutes past nine.
5. It is seven minutes to five.
6. It is half past one.
7. It is twelve o'clock.
8. It is half past three.
9. It is twenty-seven minutes to three.
10. It is seventeen minutes past eleven.

## 5.5 MUSIC

Þetta er hlustunaræfing þar sem nemendur hlusta á lagið *Wild World* með Cat Stevens og hlusta eftir orðunum sem vantar í eyðurnar í textanum sem þeir hafa fyrir framan sig á meðan þeir hlusta.

Það er gott að fara yfir textann skref fyrir skref með nemendum til þess að fara yfir merkingu einstakra orða sem og textans í heild sinni. Það er þó mat kennarans hvort það hentar betur að gera það áður en hlustað er á lagið eða eftir að það hefur verið spilað.

Nauðsynlegt er að spila lagið tvisvar til þrisvar sinnum. Lagið má finna á youtube.com og þessi útgáfa er nokkuð góð: <http://www.youtube.com/watch?v=y8pvXLVu8Yk>

Ef tengillinn virkar ekki lengur má finna lagið með því að leita á youtube.com og þar ættu að vera nægar útgáfur í boði.

Æfingarnar sem koma í framhaldi af eyðufyllingunni snúa að því að túlka lagið og skilja innihald textans. Mælt er með því að nemendur fái að túlka textann og best væri ef umræður komast af stað um hvað listamaðurinn á við með textanum og hvernig nemendur skilja textann. Hvað finnst þér textinn fjalla um? Hvaða merkingu hefur hann í þínum huga?

Textinn í heild sinni:

Now that I've lost everything to you  
You say you want to start something new  
And it's breaking my heart you're leaving, baby, I'm grieving.

But if you want to leave, take good care  
Hope you have a lot of nice things to wear  
But then a lot of nice things turn bad out there.

Oh, baby, baby, it's a wild world  
It's hard to get by just upon a smile  
Oh, baby, baby, it's a wild world  
I'll always remember you like a child, girl.

You know I've seen a lot of what the world can do  
And it's breaking my heart in two  
Because I never want to see you sad, girl, don't be a bad girl.

But if you want to leave, take good care  
Hope you make a lot of nice friends out there  
But just remember there's a lot of bad and beware.

Oh, baby, baby, it's a wild world  
It's hard to get by just upon a smile  
Oh, baby, baby, it's a wild world  
And I'll always remember you like a child, girl.

Baby, I love you but if you want to leave, take good care  
Hope you make a lot of nice friends out there  
But just remember there's a lot of bad and beware.

Oh, baby, baby, it's a wild world  
It's hard to get by just upon a smile  
Oh, baby, baby, it's a wild world  
And I'll always remember you like a child, girl.

Oh, baby, baby, it's a wild world  
And it's hard to get by just upon a smile  
Oh, baby, baby, it's a wild world  
I'll always remember you like a child, girl

## 5.6 THE LYRICS

Frjáls ritunaræfing þar sem nemendur eiga að ræða merkingu söngtextans hér á undan og segja sína skoðun á yrkisefninu. Mikilvægt er að nemendur tjái sig með eigin orðum. Hins vegar veltur geta nemendanna til þess að tjá sig um textann mjög mikið á undirbúningnum sem fer fram áður en þeir byrja að skrifa. Nauðsynlegt er að kennarinn fari mjög ítarlega yfir textann og merkingu hans og að síðan taki nemendur þátt í umræðum um merkingu hans. Að því loknu er hægt að hleypa nemendum í að skrifa niður sínar hugleiðingar um efnið.

## 6.1 IRREGULAR VERBS

Óreglulegar sagnir eru mikilvægar í ensku hvað varðar réttitun og til að ná góðum tókum á enskunni. Því er mikilvægt að nemendum sé ljóst hversu mikilvægar þessar sagnir eru, bæði sem málfræðilegt tæki og sem hluti af orðaforða hvers og eins. Til viðbótar við æfingarnar sem eru í þessum kafla ætti að benda nemendum á að gera eins margar æfingar og þeir komast yfir á netinu, eða annars staðar, til þess að halda áfram að æfa sig og festa þessi mikilvægu orð í minni.

Í þessari æfingu fylla nemendur inn í töfluna með því að fletta upp í listanum yfir óreglulegar sagnir sem tilheyrir kennslubókinni (viðauki 1). Mikilvægt er að nemendur reyni að átta sig á hvaða tíða við út frá samhengi textans. Frásögnin er þó mestmegnis í þátíð.

Hér kemur upprunalegi textinn úr þessari æfingu þar sem nemendur eru beðnir um að fylla inn í eyðurnar með óreglulegu sögnunum sem vantar í textann.

---

### A REVIEW OF MY FAVOURITE MOVIE.

---

It was a story about a man named Forrest. First we got to see how he grew up in Alabama. He was a very special young man who lived with his mother. We never saw his father but his mother explained that he was on a very long vacation; it was clear that he would not return.

When he started school he ran for the football team but he didn't seem to have many friends. He also ran across the United States when he grew up and he had a very interesting time in Vietnam where he went with the U.S. Army. In the army he learnt how to play ping pong and discovered his big talent for playing the sport. He ended up becoming the world champion in ping pong. After having played ping pong for some time he got paid some money for his playing and he used the money to invest in a company he promised to make with his friend who died in Vietnam.

He became a very rich man when his shrimping company became a success. But through all this success and all of life's hardships there was only one person on his mind every day. His sweetheart from when he was a kid, his best friend Jenny, was always close to his heart. They finally got married after Jenny had his baby, but Jenny died rather young. Forrest was left to raise their young son.

Forrest Gump was always my favourite movie because it touched me deeply and because it is an honest story about life and how beautiful it can be if we let it.

## 6.2 PAST TENSE - WRITING

Ritunarverkefni þar sem nemendur segja í þátíð frá bíómynd sem þeir halda upp á.

## 6.3 VOCABULARY

Áður en nemendur byrja á þessu verkefni er gott að bæta við orðalistann sem gefinn er með æfingunni uppi á töflu. Þá myndi vera gott að ræða hvernig myndir nemendur hafa fjallað um og bæta við orðum sem nemendum og kennara finnst gott að nýta í samtalinu sem á eftir kemur.

## 6.4 MOVIE QUOTES

Safnaðu tilvitnunum nemendanna saman og skrifaðu upp á töflu. Gott er að hafa tölvu við höndina til þess að slá inn þeim sem eru eitthvað óljósar til þess að finna út úr því hvernig orða má þær betur (s.s. finna tilvitnanirnar á netinu ef hægt er).

Gott er að ræða afraksturinn við hópinn í heild sinni og ná af stað góðri umræðu. Flestir hafa skoðanir á bíómyndum og sumir nokkuð sterkar. Fáid nemendur til að ræða og segja frá þeim myndum sem tilvitnanirnar koma úr.

## 6.5 SONG LYRICS

Athugið sérstaklega varðandi textaverkefni. Tónlistarmenn getur verið erfitt að skilja og því er hlutverk kennarans að tala nemendur í gegnum textann og verkefnið. Þess getur verið þörf að þýða þann texta sem fram kemur áður en farið er að hlusta. Ennfremur getur verið gott að hlusta einu sinni á lagið í heild sinni til þess að njóta þess og stoppa síðan eftir hverja eyðu og rýna í hverja línu fyrir sig. Ekki er nauðsynlegt að gleypa allan textann í einu. Hér kemur textinn við *Daniel* eftir Elton John í heild sinni. Myndband við lagið er að finna á eftirfarandi slóð: [http://www.youtube.com/watch?v=UA78e27R\\_J4](http://www.youtube.com/watch?v=UA78e27R_J4)

Daniel is travelling tonight on a plane  
I can see the red tail lights heading for Spain  
Oh and I can see Daniel waving goodbye  
God it looks like Daniel, must be the clouds in my eyes.

They say Spain is pretty though I've never been  
Well Daniel says it's the best place that he's ever seen  
Oh and he should know, he's been there enough  
Lord I miss Daniel, oh I miss him so much.

Daniel my brother you are older than me  
Do you still feel the pain of the scars that won't heal  
Your eyes have died but you see more than I  
Daniel you're a star in the face of the sky.

Daniel is travelling tonight on a plane  
I can see the red tail lights heading for Spain  
Oh and I can see Daniel waving goodbye  
God it looks like Daniel, must be the clouds in my eyes  
Oh God it looks like Daniel, must be the clouds in my eyes.

## Verkefni

Þetta verkefni er eins og það sem var í fimmta kafla. Komið af stað eins mikilli umræðu um merkingu textans og mögulegt er. Það er matsatriði hvort best er að gera þetta með hópnum í heild sinni eða skipta honum í minni einingar til þess að fá kröftugari umræðu.

### 6.6 YOUR FAVOURITE SONG

Hér eiga nemendur að finna sinn uppáhaldstexta við sitt uppáhaldslag á ensku. Þetta verkefni verða nemendur væntanlega að vinna í tölvu. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvort eigi að leyfa nemendum að vinna þetta verkefni í tíma en best er að hafa þetta sem heimaverkefni. Þó verður að ganga úr skugga um að allir nemendur hafi aðgang að tölvu, ef svo er ekki verður að gera ráðstafanir (t.d. benda nemendum á bókasafn í nágrenninu). Ef nemendur eru almennt ekki sleipir í að nota Word og/eða netið þá er þetta upplagt tækifæri til að kenna nemendum að vinna með hvoru tveggja.

Þetta er skilaverkefni og hugsunin er að nemendur vinni þessi verkefni í tímum, eftir því sem tími gefst yfir önnina.



### 7.1 JOEY'S TIMETABLE

Hér er enn verið að vinna með klukkuna og nú eru nemendur þjálfaðir í að lesa úr tímatöflum á ensku. (PE -> Physical Education -> Íþróttir)

Svör við spurningum:

1. English.
2. At 1.15.
3. Once.
4. Wednesdays at 12.15 and Fridays at 12.15.
5. Twice.
6. Information and communications technology. (Tölvufræði/Upplýsingatækni)
7. French.
8. Three.

### 7.2 JOBS

Hér er farið yfir nokkur starfsheiti og nemendur para starfsheitin við setningar sem eiga að tengjast umræddu starfi.

Röð svara í æfingunni:

Factory Worker  
Mechanic  
Hairdresser  
Doctor  
Architect  
Sailor  
Waiter  
Salesman  
Taxi driver  
Teacher  
Nurse  
Plumber  
Journalist  
Firefighter  
Dentist

### 7.3 MY JOB\*

Hér vinna nemendur með orðaforða sem tengist þeirra eigin ferli, bæði í starfi og námi. Þessi æfing er í raun undirbúningur fyrir stærra verkefni sem kemur seinna í bókinni þar sem nemendur útbúa ferilskrá á ensku.

## 7.4 SHOPPING

Lestexti sem fjallar um það að versla.

Svör við spurningum:

1. Jane is in a dress shop.
2. She wants to buy a dress.
3. Jane's favourite colour is royal-blue.
4. Jane wears size 36.
5. They are white.

## 7.5 VOCABULARY

Nemendur glósa orð yfir fatnað og matvöru.

## 7.6 YOUR CLOTHES

Ritunaræfing. Nemendur lýsa eigin klæðnaði.

## 7.7 RECIPES

Þetta verkefni er sniðugt að nota í hópvinnu þar sem nemendur lesa upp og lýsa uppskriftinni sinni. Það er þó æskilegt að nemendur hafi annað hvort fengið stuttan yfirllestur frá kennara eða hafi hreinlega skilað verkefninu inn til þess að fá yfirferð áður en það er lesið upp.

Ef aðstæður leyfa, má setja saman lítinn uppskriftabækling þar sem uppskriftir nemenda eru ljósritaðar og afhentar öllum í hópnum. Þessu fylgir kostnaður og því ekki víst að þetta henti í öllum tilvikum. Bæklingurinn getur aftur á móti orðið skemmtilegur minjagripur fyrir nemendur og tengir hópinn þéttar saman. Þegar bæklingurinn er afhentur er upplagt að fá nemendur til þess að segja frá og útskýra sínar uppskriftir.

## 7.8 PERFECT TENSE

Æfingin byrjar á útskýringu á núliðinni tíð.

Lausn á æfingum:

1. John lost his keys.
2. Jane has broken her leg.
3. Tina's English has improved.
4. Tim has grown a beard.
5. The letter has arrived.
6. The price of bus fare has gone up.

## 7.9 A LETTER

Nemendur skrifa bréf í núliðinni tíð. Orðin sem nota skal eru gefin upp og þeim þarf að raða saman svo þau myndi setningu í núliðinni tíð.

Lausn:

3. I have bought a new car.
4. My father has started a new job.
5. I have quit smoking.
6. Charlie and Jill have gone to Brazil.
7. Mindy has had a baby.
8. Noah has finished high school.
9. I love the photos you have sent.

## 7.10 FOR AND SINCE

Málfræðiæfing þar sem nemendur læra að nota orðin *for* og *since*.

1. since
2. for
3. for
4. since
5. since
6. for
7. since
8. for
9. since

---

## 8.1 POEMS

---

### THE ROAD NOT TAKEN

---

Lestraræfing þar sem ljóð eftir Robert Frost er lesið. Skemmtilegast er að lesa ljóðið upphátt í fyrsta skipti, til þess að ná heildarmyndinni og stemningunni í ljóðinu. Í framhaldi þarf að fara vel og vandlega yfir merkingu hvernar setningar fyrir sig, nemendur bæta væntanlega þó nokkuð við orðaforða sinn eftir lestur ljóðsins.

### Discussion

Nemendur ræða innihald ljóðsins og hvað þeim finnst það tákna. Þó er það töluvert undir kennaranum komið að útskýra merkingu og innihald ljóðsins nokkuð vel til þess að innihaldsríkar umræður geti farið af stað. Hér gæti jafnvel verið skemmtilegt að fræða nemendur um höfundinn; jafnvel að láta nemendur leita sér upplýsinga um hann á netinu.

### Assignment

Ef möguleiki er á yfirferð er þetta upplagt verkefni til þess.

## 8.2 SHALL AND WILL

Málfræðiæfing þar sem unnið er með *will* og *shall*. Æfingin byrjar á stuttri útskýringu á notkun orðanna og svo mynda nemendur sjálfir setningar þar sem þeir nota orðin. Gott er að taka nokkur dæmi um setningar frá nemendum upp á töflu svo nemendur geti bætt enn meiru við hjá sér.

## 8.3 WILL AND WON'T AND GOING TO

Í þessari æfingu er verið að vinna með úrfellingar og því er upplagt að nota tækifærið og útskýra þetta fyrirbæri fyrir nemendum. Þ.e. þegar orð eru felld saman í talmáli (og í óformlegu ritmáli) í ensku. Það verður ekki farið formlega í þetta atriði í þessu kennsluhefti þannig að það kemur í hlut kennara að fara vel yfir þetta atriði með nemendum áður en farið er í þetta verkefni.

Lausn:

1. won't
2. won't
3. will
4. won't
5. won't
6. - 12. will

## 8.4 CREATIVE WRITING

Hér eiga nemendur að semja ljóð. Eflaust eiga nemendur eftir að taka misvel í þessa hugmynd en það skiptir miklu máli að allir taki þátt. Skapandi skrif eru mjög gagnleg þegar læra á erlent tungumál og því hafa nemendur mjög gott af þessu. Þeim sem þykir erfitt að tjá sig á þennan hátt verður að hvetja til þess að nýta sér hugmyndirnar í kennsluheftinu og reyna að taka þessu létt.

## 8.5 POETRY READING

Hér verður kennari að ráða fyrirkomulagi. Ef hópurinn er þannig samansettur að láta má alla vinna saman sem einn hóp, væri það frábært. Ef ekki, hvort sem er vegna fjölda eða af öðrum ástæðum, þá verður kennarinn að skipta nemendum í hópa. Endilega reynið að koma sem líflegustum umræðum af stað eftir upplesturinn.

## 8.6 WRITING A LETTER\*

Hér skrifa nemendur stutt bréf samkvæmt ákveðnum leiðbeiningum. Bent er á nokkrar leiðir til að hefja bréfið og til að kveðja. Verkefni af þessu tagi samræmast þeim markmiðum sem sett eru með evrópsku tungumálamöppunni. Að geta skrifað stutt bréf og sent frá sér skilaboð er hagnýt kunnátta.

## 8.7 A PERSONAL LETTER \*

Þessi tvö verkefni (8.6 og 8.7) eru mjög tengd og mjög gott væri að velja annað þeirra sem skilaverkefni. Það er nokkuð mikilvægt að nemendur skrifi bæði bréfin. Í fyrri æfingunni æfa nemendurnir formið, að setja upp bréf og velta fyrir sér orðaforða sem þeir ættu að nota við að koma skilaboðunum á framfæri. Í seinna bréfinu byggja þeir ofan á þessa þekkingu, auka sjálfstraust sitt og tengja verkefnið við raunheiminn.

### 9.1 PRESENT PARTICIPLE

Æfingin byrjar með stuttri útskýringu á lýsingarhætti nútíðar. Á eftir fylgir eyðufyllingarverkefni.

Lausn:

1. answering
2. making
3. listening
4. applying
5. washing
6. being
7. working
8. using
9. seeing
10. writing
11. being
12. trying

### 9.2 INFINITIVE

Æfingin byrjar með stuttri útskýringu á hvenær notaður er nafnháttur og hvenær lýsingarháttur nútíðar. Nemendur draga svo hring utan um rétt orð í setningunum. Að lokum búa nemendur til 5 setningar þar sem notaður er nafnháttur og 5 setningar þar sem notaður er lýsingarháttur nútíðar.

Lausn:

1. going
2. to get
3. to look after
4. to work
5. watching
6. to drive
7. to study
8. being
9. helping
10. to buy
11. to climb
12. to work

## 9.3 TRAVELLING

Lestexti með upplýsingum um íslenska ferðamannastaði. Hér er orðaforði sem nemendum ætti að finnast bæði góður og gagnlegur. Gott er að brýna fyrir nemendum mikilvægi þess að glósa reglulega nýjan orðaforða.

1. In 1973.
2. Because Þorgeir Þorkelsson dispensed of the heathen gods by throwing them into the waterfall.
3. 17.000 people live in Akureyri.
4. 80% of all visitors to Iceland visit the Golden Triangle.
5. The puffin lives in the Westman islands.
6. Þingvellir, Geysir and Gullfoss.
7. Gil.
8. Hraunbreiða.
9. The area is covered with black sand which is contrasted by the beautiful green forested hills.
10. Akureyri.
11. At Þingvellir.
12. *Personal answer.*

## 9.4 MAPS

Æfing í að lesa af korti og að vísa til vegar. Farið vel yfir orðin og orðatiltækin sem notuð eru við að vísa til vegar.

## 9.5 READING A MAP

Nemendur nota kortið í æfingunni á undan til þess að skrifa leiðbeiningar um hvernig komast má á milli tveggja staða á kortinu.

## 9.6 GIVING DIRECTIONS

Nemendur nota sama kortið til þess að leiðbeina samnemendum sínum að gefinni staðsetningu. Hinn nemandinn fylgist með á kortinu til þess að ganga úr skugga um að leiðbeiningarnar séu réttar. Þessi æfing ætti því að nýtast bæði sem tal- og hlustunaræfing.

## 9.7 SONG LYRICS

Hlustunaræfing þar sem hlustað er á lag eftir Monty Python; *Always Look On the Bright Side of Life*.

Lagið er hægt að finna á [www.youtube.com](http://www.youtube.com)

Full lyrics:

Cheer up, Brian. You know what they say.  
Some things in life are bad,  
They can really make you mad.  
Other things just make you swear and curse.  
When you're chewing on life's gristle,  
Don't grumble, give a whistle!  
And this will help things turn out for the best...  
And...  
...always look on the bright side of life!

Always look on the bright side of life...  
If life seems jolly rotten,  
There's something you've forgotten!  
And that's to laugh and smile and dance and sing,  
When you're feeling in the dumps,  
Don't be silly chumps,

Just purse your lips and whistle – that's the thing!  
And...always look on the bright side of life.  
Always look on the bright side of life...  
For life is quite absurd,  
And death's the final word.  
You must always face the curtain with a bow!  
Forget about your sin – give the audience a grin,  
Enjoy it – it's the last chance anyhow!  
So always look on the bright side of death!  
Just before you draw your terminal breath.  
Life's a piece of shit,  
When you look at it.  
Life's a laugh and death's a joke, it's true,  
You'll see it's all a show,  
Just keep them laughing as you go.  
Just remember that the last laugh is on you!

## 9.8 INTERPRETATION

Nemendur tjá sig skriflega um söngtextann og ræða álit sitt við aðra nemendur. Á meðan á umræðu stendur er gott að nemendur safni stikkorðum um textann í kassa. Safna á bæði nýjum orðum sem og öðrum orðum sem einkenna umræðuna.



## 10.1 MODAL VERBS

Modal sagnir eru mjög mikilvægar í enskri tungu. Í þessum æfingum skiptir mestu að nemendur skilji muninn á merkingu sagnanna, þ.e. hverjar þeirra eru neikvæðar, hverjar skilyrða, hverjar tjá möguleika og svo framvegis. Í setningunum hér fyrir neðan kemur oft fleiri en ein lausn til greina þannig að best er að skoða hvert svar fyrir sig.

1. We can't go to the party. We are going to a wedding.
2. We can pass the exam if we study harder.
3. I can't remember her name, even though she looks really familiar.
4. They couldn't go because the weather was so bad.
5. She looks like she doesn't feel so good. She should go to see the doctor.
6. Diana can/can't play the piano.
7. If you are nice to me I might/may/can help you with the dishes.
8. You should not go outside without a hat on!
9. My leg hurts really bad. I can't stand up.
10. You should take your shoes off before you come into my house.

### Málfræðiæfing með modal sögnum og sögninni að vera.

Lausn:

1. could
2. couldn't
3. were able to
4. couldn't
5. were able to/could
6. could
7. could
8. was able to
9. couldn't
10. could/was able to

### Málfræðiæfing með modal sögnum.

Lausn:

1. must
2. must
3. can't
4. must
5. must
6. can't
7. can't
8. must
- 9.

### Málfræðiæfing með modal-sögnum.

Hér er engin lausn gefin því bæði orðin koma til greina í flestum setningum. Fáid nemendur til að ákveða hvað þeir vilja nota út frá því hvað þeim finnst vera rétt.

## 10.2 MOVIE REVIEWS

Lestexti sem snýr að kvikmyndagagnrýni. Textinn er nokkuð þungur og ekki ólíklegt að nemendur þurfi þó nokkra leiðsögn frá kennara. Þrátt fyrir það er hann góð áskorun. Nemendur svara svo spurningum um efni textans.

---

### THE DARK KNIGHT

---

1. Heath Ledger played the Joker.
2. Christopher Nolan directed the movie.
3. Batman's real name is Bruce Wayne.
4. The girl Batman falls in love with is called Rachel.
5. The Joker is so convincing because he is both intelligent and logical in his madness.
6. Batman lives in Gotham City.

## Writing

Ritunarverkefni þar sem nemendur skrifa kvikmyndagagnrýni. Hér fá nemendur mjög nákvæmar leiðbeiningar um hvernig á að vinna verkefnið. Það er mjög mikilvægt að nemendur læri að skrifa samkvæmt leiðbeiningum og ákveðnu formi. Einnig er gefinn upp orðaforði sem getur komið að notum við skrifin.

Þetta má vinna á marga vegu. Ef tími gefst er gaman að horfa á kvikmynd í kennslustund og nemendur fá þá að skrifa gagnrýni um þá mynd. Ef ekki gefst tækifæri á því má biðja nemendur að rifja þá mynd upp sem þeir sáu síðast og skrifa út frá því. Heimildavinnuna verða menn helst að vinna í tölvu og þá annað hvort í kennslustund, ef tími og tæki eru fyrir hendi, annars sem heimavinnu.

Benda má á eftirfarandi síður til að byrja með:

[www.imdb.com](http://www.imdb.com)

[www.rottentomatoes.com](http://www.rottentomatoes.com)

Athugið að ef heimildavinnan á að vera heimaverkefni er gott ef kennarinn getur sýnt nemendum síðurnar og kennt þeim að leita á þeim. Væntanlega átta margir sig á þessu sjálfir en það skaðar ekki að fara yfir þetta með nemendum, bæði til þess að leiðbeina þeim sem ekki eru nógu öruggir við að leita sér upplýsinga á vefnum og eins til þess að skerpa á þeim atriðum sem nemendur eiga að leita að.

Líklegt er að verkefnið vaxi fólki í augum við fyrstu sýn og því er gífurlega mikilvægt að kennari tali nemendur í gegnum leiðbeiningarnar, skref fyrir skref. Bendið nemendum á að einbeita sér að einu atriði í einu. Nauðsynlegt er að gera uppkast og skrifa lokaútgáfu eftir á. Þetta verkefni ætti að vera nemendum töluverð glíma og á að slípa ritunarhæfileikana til.

Það er undir kennaranum komið hvernig úrvinnsla verður á ritunarverkefninu. Best er, ef tími vinnst, að kennari taki við verkefnunum og fari yfir og skili leiðréttingum til baka. Þá er möguleiki að láta nemendur fara yfir og leiðrétta villur hjá sér og jafnvel skila verkefninu aftur.

Kaflann má vinna meðfram hinu efninu eftir því sem hentar. Nota má verkefni úr þessum kafla sem sjálfstæð, stærri verkefni inn á milli annarra kafla í bókinni. Jafnvel væri sniðugt að biðja nemendur að sinna þessum verkefnum sem heimavinnu ef því verður við komið.

### 11.1 ODD JOBS

Nemendur lesa smásögu og glósa ný orð

#### **Spurningar úr smásögu.**

Lausn:

1. Mary is telling the story to Mike, her boyfriend.
2. Mary's mother cleans houses after people die and gets the house ready for being sold.
3. Mary agreed to help her mother because she was under pressure to finish a job before a certain time and had no one else to help. They needed to clean a very big house. It does not seem likely that Mary has a close relationship with her mother.
4. Mary asked if she could keep a couple of DVDs because she thought they might be interesting to watch when she came home that night.
5. Mary found a silver cross in a DVD holster.
6. When Mary was going to sleep that night, she saw a ghost in her bedroom.
7. Mary talked to her friend from work, Shelly, and she just told her to move out of the apartment or see a doctor. She also talked to the local priest who gave her very useful instructions for how to handle the ghost.
8. She prayed for the ghost, after following the priest's advice on how to handle the ghost.
9. The ending seems to be very happy for Mary. She is with the man she loves and she seems to have found a very interesting night job, although the salary is not that high.

#### **Þýðing á setningum úr smásögunni.**

Nokkrar setningar eru undirstrikaðar í sögunni. Þetta eru lykilsetningar í textanum og gott að þýða þær uppi á töflunni með nemendum eða þá að nemendur þýða sjálfir.

### 11.2 PERSONAL OPINION

Nokkrar spurningar um smásöguna þar sem nemendur tjá sínar persónulegu skoðanir á sögunni.

## 11.3 LYRICS

Hlustunaræfing lík þeim sem á undan hafa farið. Lagið má finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.youtube.com/watch?v=def3ob2h-1s&ob=av2e>

---

### A REAL WILD CHILD - IGGY POP

---

The full lyrics:

Well I'm just outa school  
Like I'm real real cool  
Gotta dance like a fool  
Got the message that I gotta be  
A wild one  
Ooh yeah I'm a wild one

Gotta break it loose  
Gonna keep 'em movin' wild  
Gonna keep a swingin' baby  
I'm a real wild child

Gonna meet all my friends  
Gonna have ourselves a ball  
Gonna tell my friends  
Gonna tell them all  
That I'm a wild one  
Ooh yeah I'm a wild one

Gotta break it loose  
Gonna keep them moving wild  
Gonna keep a swingin' baby  
I'm a real wild child

I'm a real wild one  
And I like a wild fun  
In a world gone crazy  
Everything seems hazy  
I'm a wild one  
Ooh yeah I'm a wild one

Gotta break it loose  
Gonna keep them moving wild  
Gonna keep a swinging baby  
I'm a real wild child

I'm a wild one  
I'm a wild one  
I'm a wild one  
Oh baby  
I'm a wild one

Gotta break it loose  
Gonna keep them moving wild

Gonna keep a swinging baby  
I'm a real wild child

## 11.4 ONLINE LISTENING AND SPEAKING PRACTISE

Hjálpa þarf nemendum að finna fréttagrein til þess að lesa. Annað hvort má velja frétt fyrirfram og láta alla lesa sömu fréttina og vinna verkefnið saman, eða leyfa hverjum nemanda fyrir sig að velja frétt sem honum þykir áhugaverð. Sú leið hentar betur fyrir frekar sterka nemendur.

Á síðunni er að finna fréttatengdar greinar og nokkrar æfingar með greinunum. Æskilegt er að hafa kennara með í ráðum varðandi hvaða verkefni eru unnin, þau eru oft nokkuð mörg með hverri grein.

Nauðsynlegt er að kennari hafi kynnt sér síðuna vel fyrir kennslustundina.

Einnig er bent á [www.englishspeak.com](http://www.englishspeak.com) þar sem hægt er að finna hlustunarefni.

## 11.5 FINAL ASSIGNMENT\*

Lokaverkefni sem miðar að því að nemendur setji saman eigin ferilskrá. Unnið er eftir formi sem eru hluti af Evrópu-passanum (Europass). Vinnsluáferðin er nokkuð frjáls og er undir kennaranum (og nemendum) komið hversu umfangsmikið verkefnið verður.

Mikilvægt er að geta rætt um og lýst sjálfum sér á ensku og það er áhersluatriði í einstaklingsbundnu námi að nemendur verði sér úti um þann orðaforða sem snýr að þeim persónulega og mun koma þeim sjálfum til góða.